



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/520*  
*komudagur 9.12.2005*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi umhverfisnefnd  
b.t. Selma Hafliðadóttir  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 9. desember 2005

0511461SA ÞS/gk  
Tilv.: 263

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir**

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis, dags. 28. nóvember 2005, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Meðfylgjandi er umsögn sambandsins um frumvarpið.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir



## Umsögn

Málsnr.: 0511461SA

Dags.: 9. desember  
2005

### Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tilv.: 263

#### um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, sem nú er til meðferðar á Alþingi, ~~347.~~ mál. 314.

Frumvarpið felur í sér að ráðherra verði heimilt að kveða á um að innra eftirlit skuli að hluta eða í heild sæta úttekt faggilts aðila. Umrætt eftirlit beinist m.a. að leikvallataekjum og leiksvæðum sveitarfélaganna. Sambandið er mjög fylgjandi því að fyllsta öryggis sé gætt varðandi skipulag og búnað leiksvæða barna og er þeirrar skoðunar að sveitarfélögin hafi lagt sig fram um að gæta þess markmiðs við rekstur leiksvæðanna.

Sambandið telur ljóst að ákvæði gildandi reglugerðar um öryggi leikvallataekja og leiksvæða og eftirlit með þeim, sem sett var á árinu 2002, feli í sér verulegan kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin þegar ákvæði um úttekt faggiltra aðila verður virkt um næstu áramót en frumvarpi þessu ætlað að tryggja því ákvæði lagastoð.

Jafnframt hafa komið fram athugasemdir frá sveitarfélögum um að ákvæði reglugerðarinnar um tíðni og framkvæmd eftirlitsins sé of umfangsmikil og að reglulega aðalskoðun sé nægilegt að framkvæma á þriggja ára fresti í stað árlegrar skoðunar eins og segir í reglugerðinni. Innra eftirlit sveitarfélaganna getur þess í milli tryggt fullnægjandi öryggi. Með þeirri breytingu mætti draga verulega úr þeim kostnaðarauka sem reglugerðin hefur í för með sér. Sambandið mun taka upp viðræður við umhverfisráðherra um þetta ákvæði reglugerðarinnar og hugsanlega fleiri atriði sem þar koma fram.

Sambandið leggst ekki gegn því að frumvarpið verði samþykkt enda gerði það ekki athugasemd við setningu reglugerðar um öryggi leikvallataekja og leiksvæða og eftirlit með þeim þegar það fékk hana til umsagnar á árinu 2002.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri.